



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA 2017

www.simenntun.is



EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Verktakar	6
Starfsstöðvar	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	14
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Þróunarsjóður framhaldsfræðslu	
Stóriðjuskóli Norðurláls	
Náms- og starfsráðgjöf	19
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Raunfærnimat	24
Fjölmennt	26
Samstarfsverkefni	28
Innlend	
Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur	
Sóknaráætlun Vesturlands	
Ferðamannastaðir og gestamóttaka	
Efling nýsköpunar og frumkvöðlamenntar á Vesturlandi	
Erlend	
Yfirlit yfir fjarpróf	33
Héðan og þaðan	35
Leikn	
Kvasir	
Að meta hæfni	
Hæfnisetur ferðapjónustunnar	
Fræðslustjóri að láni	
Starfsendurhæfing Vesturlands	
Að lokum	40

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Einn af ótvíræðum kostum þess að vinna á vinnustað sem er dreifður um landið er tíminn sem maður á með sjálfum sér í bílnum í akstri, í misgóðu veðri eftir misgóðu vegakerfi landsins, á milli starfsstöðva. Tíminn við stýrið þegar maður getur engan veginn grafið sig ofan í tölvupósta og skýrsluvinnu nýtist vel í hin ýmsu símtöl í bland við útvarpshlustun og eigin vangaveltur um leið og maður endurnærir yfir feegurð landsins okkar.



Í vinnubílnum er í boði ágætis útvarp með góðu úrvali útvarpsstöðva. Þessar stöðvar bjóða upp á allt milli himins og jarðar og ná vissulega til mismunandi aldurshópa. Þrátt fyrir tryggð mína við Rás 1 þá flakka ég nokkuð á milli stöðva, allt eftir dagsforminu. Ég staldra mjög gjarnan við viðtalsþætti hverskonar. Í einum slíkum föstudagsþætti var viðtal við ungan verkefnisstjóra í fyrirtæki hér á landi. Hann var með nýlega prófgráðu og nýbúinn að taka við stöðu í mannauðsdeild viðkomandi fyrirtækis. Viðtalið gekk út á ferli nýráðninga og starfsmannaveltu í fyrirtækjum. Það var þá sem ég keyrði nánast út af undir Hafnarfjallinu þegar eftirfarandi setning kom frá verkefnisstjóranum: „Fólk á miðjum aldri er einfaldlega áskrifendur að laununum sínum!“. Það væri því engin þörf á að hafa þannig áskrifendur innan hans fyrirtækis. Þegar spyrillinn spurði síðan hvaða aldur væri flokkaður sem „fólk á miðjum aldri“ kom næsta áfall. Verkefnisstjórinn setti allt fólk yfir fertugt í flokkinn „fólk á miðjum aldri“!

Ég þessi vel virka kona „rétt rúmlega“ þrítug er því samkvæmt verkefnisstjóranum komin í flokk miðaldra landsmanna sem eru áskrifendur að laununum sínum með enga framlegð! Þarna undir Hafnarfjallinu á suðurleið eftir góðan dag í Borgarfirðinum áttaði ég mig á því að ég hef alltaf skilgreint „fólk á miðjum aldri“ sem einstaklinga sem væru tuttugu til tuttugu og fimm árum eldri en ég!

Aldur er mjög huglægt ástand, við erum aldrei eldri en við sjálf skilgreinum okkur. Um leið varð ég mjög hugsýn yfir, að því er mér fannst, skorti á einhverskonar umburðarlyndi og víðsýni hjá verkefnisstjóranum. Það er mín staðfasta trú að við sem þjóðfélag og þá um leið hið vinnandi samfélag þurfum á að halda einstaklingum sem búa yfir mismunandi hæfni, frumkvæði og skapandi hugsun, einstaklingum sem stunda virka þekkingarleit og búa yfir starfsmetnaði í bland við víðsýni, umburðarlyndi og hæfni til að takast á við nýjar áskoranir – algerlega óháð aldri. Við erum öll einstök og því er það, að mínu mati, grunnur farsælla fyrirtækja að hafa á að skipa fjölbreyttum hópi starfsmanna með mismunandi hæfni og á mismunandi aldri.

Það hugarfar hefur verið töluvert ríkjandi bæði hér á landi og út um allan heim að það sem skipti máli sé hinn eini stóri sannleikur, að hver einstaklingur hafi ekki vott af samúð með öðrum og standi hann í vegi sé einfaldlega valtað yfir hann. Þessi hugsunarháttur er að mínu mati sem betur fer á undanhaldi. Á síðustu misserum hefur þjóðfélagsumræðan einmitt gengið út á að nú sé komið að kaflaskilum. Við verðum að efla okkur í að sýna aukið umburðarlyndi, vinna saman, sýna hvert öðru virðingu. Þetta er í raun svo einfalt; það er til pláss fyrir alla og um leið mikil not fyrir okkur öll á vinnumarkaðinum!

„In a world where you can be anything, be kind“ (höf. ók)

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri Lbhí og

formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Á aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar árið 2017 urðu breytingar á skipun fulltrúa í stjórn. Úr stjórn gengu Kristín Björg Árnadóttir fulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Magnús Smári Snorrason fulltrúi Háskólans á Biföst, sem aðalfulltrúar og Sigrún Jónsdóttir varamaður Magnúsar Smára. Nýir fulltrúar eru Ingveldur Guðmundsdóttir fyrir SSV og Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, sem aðalfulltrúi og Ragnheiður Ásta Birgisdóttir sem varafulltrúi fyrir hönd Háskólans á Bifröst. Um leið og við þökkum fráfarandi fulltrúum fyrir þeirra störf þá bjóðum við nýja fulltrúa velkomna til starfa.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbautaskóli Vesturlands	Ágústa Elín Ingþórsdóttir	Dröfn Viðarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánnson	Rósa Guðmundsdóttir
Háskólinn á Bifröst	Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir	Ragnheiður Ásta Birgisdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Kristín Björg Árnadóttir	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2017 voru haldnir fjórir stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn 29. mars 2017 sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi - Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands. Með þessu fyrirkomulagi hefur skapast góður vettvangur til að kynna starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, m.a. fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi.



Frá aðalfundi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands árið 2017.

STARFSFÓLK

Á ársgrundvelli voru stöðugildi rúmlega fimm á árinu 2017. Á launaskrá 31. desember 2017 voru eftirfarandi starfsmenn:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hörður Baldvinsson verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 85% starfshlutfall
Sunna Rós Þorsteinsdóttir almenn störf, 20% starfshlutfall

Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir tók til starfa 2. janúar 2017, en ráðningarferlið fór fram haustið 2016.

Sunna Rós Þorsteinsdóttir tók til starfa í febrúar 2017 þegar Símenntunarmiðstöðin gerði vinnustaðasamning við Vinnumálastofnun.

Við bjóðum Hafdísi Fjólu og Sunnu Rós velkomnar til starfa.

Auk fastráðinna starfsmanna starfa að meðaltali um 100 verktakar við kennslu og önnur verkefni á ári hverju hjá Símenntunarmiðstöðinni.

VERKTAKAR

Stór hluti af starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka, bæði kenna þeir á námskeiðum og í lengra námi og eins vinna þeir sem matsaðilar í raunfærnimati sem og í verkefnastjórnun og í þróunarverkefnum hjá Símenntunarmiðstöðinni.

Við leggjum áherslu á að fá til liðs við okkur fagmenntaða aðila sem eru sérfræðingar, hver á sínu sviði. Sem dæmi má nefna að kennarar í Fjölbautaskóla Vesturlands koma



Frá námskeiðinu Borgfirðingasögur.



Förðun.

að hluta kennslunnar í stóriðjuskólanum í Norðuráli. Við áttum einnig á árinu í mjög góðu samstarfi við Fisktækniskóla Íslands en þaðan komu sérhæfðir kennarar til að kenna á fiskvinnslunámskeiðunum í sjómannaverkfallinu.

Matsaðilar í raunfærnimati eru allir sérfræðingar, hver í sínu fagi. Allir hafa þeir tekið námskeið um raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og starfa flestir sem kennarar á framhaldsskólastigi.

Á árinu 2017 störfuðu um níutíu verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni.

STARFSSTÖÐVAR

Símenntunarmiðstöðin rekur þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi - á Akranesi, í Borgarnesi og Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofu- og kennsluaðstaða	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.

GUÐRÚN SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR

veitir forstöðu þjónustuskrifstofu
Vinnumálastofnunar á
Vesturlandi, með aðsetur á
Akranesi. Vinnumálastofnun
hefur til fjölda ára átt samstarf
við Símenntunarmiðstöð
Vesturlands um skipulag og
framkvæmd námskeiða fyrir
atvinnuleitendur.

„Ég lít svo á að samstarf Vinnu-
málastofnunar og Símenntunarmið-
stöðvar Vesturlands sé mjög mikil-
vægt. Tvisvar á ári eiga fulltrúar
beggja stofnana fundi þar sem
línur eru lagðar um námskeiðahald.
Námskeiðin sem við bjóðum upp á
miða að því að auka sjálfstraust atvinnuleitenda og
efla þá í atvinnuleit. Við mótum námskeiðin, sem
eru haldin víða á Vesturlandi, að töluverðu leyti út
frá þeim einstaklingum sem skráðir eru í atvinnuleit
á hverjum tíma og framboði starfa á hverju svæði.




Dæmi um slík námskeið eru „Færni í ferðaþjónustu“
og suðunámskeið. Einnig leggjum við áherslu á
íslenskukennslu fyrir erlenda atvinnuleitendur, því
íslenskukunnátta er þeim afar mikilvæg.

Í fámennari sveitarfélögum er stund-
um erfitt að bjóða upp á sérhæfð
námskeið. Það hefur þó oft gengið
með því að halda þau í samstarfi
við aðra aðila á svæðinu, s.s
Starfsendurhæfingu Vesturlands,
VIRK Starfsendurhæfingarsjóð og
félagsþjónustur sveitarfélaga.


Í mínum huga er enginn vafi á því
að þessi fjölbreyttu námskeið skila
árangri og eru atvinnuleitendum mjög
mikilvæg. Tilgangur þeirra er fyrst
og fremst að efla atvinnuleitendur,
styðja þá og hvetja í atvinnuleit og
auka sjálfstraust þeirra. Ég tel því
engan vafa á því að árangurinn af þessu samstarfi
okkar hjá Vinnumálastofnun og Símenntunarmiðstöð
Vesturlands um námskeiðahald er ótvíræður.”

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MÍÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM

Rekstur



Skipting tekjuliða árið 2017




Tölfræði


Á árinu 2017 voru 913 þátttakendur á námskeiðum og í lengra námi hjá okkur. Þátttakendum hefur fjölgað um 160 frá því á árinu áður. Þar vega fiskvinnslunámskeiðin þýngst sem haldin voru í sjómannaverkfallinu í byrjun árs 2017. Fjöldi kennslustunda stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, en fjöldi nemendastunda er heldur meiri eða 39.622 á árinu 2017 á móti 37.632 á árinu 2016. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldaðar með kennslustundafjölda á hverju námskeiði fyrir sig.



Kynjaskipting þátttakenda var þannig að konur voru 547 eða 60% og karlar 365 eða 40%. Meðalaldur þátttakenda árið 2017 var 38 ár. Meðalaldur í námi hjá Símenntunarmiðstöðinni hefur haldist svipaður síðustu ár, eða á bilinu 37-40 ár.

Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum og í lengri námsleiðum 2013-2017




Kynjahlutfall þátttakenda í námi 2017







Hlutfall þátttakenda í námi eftir svæðum árið 2017




Hlutfall kennslustunda eftir svæðum árið 2017



Hlutfall nemendastunda eftir svæðum árið 2017



Hlutfall nemendastunda eftir flokkum



Töluverðar áherslubreytingar hafa verið í framboði á námi og námskeiðum hjá Símenntunarmiðstöðinni síðustu misseri og felast þær einkum í því að dregið hefur úr framboði og eftirspurn á tólstundánámskeiðum, en á sama tíma hefur meira framboð verið af starfstengdum námskeiðum, bæði vottuðum námsleiðum og stökum námskeiðum sem eru skipulögð eftir þörfum og eftirspurn.

Í byrjun árs 2017 skipulögðum við fjöldann allan af námskeiðum fyrir fiskvinnsluna, en tíminn í sjómannaverkfallinu var nýttur til námskeiðahalds. Að sama skapi rekum við stóriðjuskóla í Norðuráli í samstarfi við fyrirtækið og Fjölbautaskóla Vesturlands og hefur það samstarf gefist vel og voru tveir hópar útskrifaðir í lok árs 2017. Gaman er að segja frá því að um fjórðungur nemenda sem hefur lokið námi í Stóriðjuskólanum hefur haldið áfram námi samhliða starfi. Vægi starfstengdra námskeiða í fjölda nemandastunda er 70% á árinu 2017 og hefur aldrei verið eins hátt. Hér er sóknarfæri til að sinna atvinnulífinu enn betur, m.a. með Fræðslustjóra að láni og námi/námskeiðum fyrir starfsfólk í framhaldinu af því

Á haustmánuðum 2017 jókst eftirspurn verulega eftir íslensku fyrir útlendinga og vorum við með mun fleiri nemendur í íslensku en á árinu á undan. Við viljum efla okkur á sviði íslenskukennslu fyrir útlendinga og eins í almennri samfélagskennslu fyrir þennan hóp.

Við útskrifuðum nemendur í Menntastöðum vorið 2017, en ákváðum að fara ekki af stað með sambærilegt nám haustið 2017, líkt og síðustu ár. Ástæðurnar voru einkum tvær, þ.e. við höfðum ekki fjármagn til þess og eins reyndist okkur erfitt að ná lágmarkspáttöku í hópinn sem útskrifaðist um vorið 2017. Það kemur síðan í ljós hvort Menntastöðir verða í boði 2018, en það gæti orðið samvinnuverkefni Símenntunarmiðstöðvarinnar og fleiri menntastofnana á Vesturlandi.

Við höfum lagt okkur mjög fram við það að vera með fjölbreytt námstækifæri, í gegnum tíðina, fyrir fólk með fötlun. Það hefur aldrei verið eins mikið framboð og eftirspurn eins og árið 2017, en það gefur okkur byr í seglin og við viljum vinna enn markvissar í þessum málaflokki.



Útskrift úr Menntastöðum á sólríkum degi.

FORMLEGIR SAMSTARFSADILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Megininntakið í samningnum er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samningurinn er birtur í heild sinni á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar www.simenntun.is.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 28. maí 2015 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a. í sjötta lið:

„Framhaldsfræðsla og starfsmenntun“

Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem lúta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 m.kr. á ári hverju.“

Alls voru 105 milljónir greiddar út sem viðbótarframlag til símenntunarmiðstöðva og fékk Símenntunarmiðstöðin tæpar sex milljónir af þessu framlagi á árinu 2017.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alpýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

1 <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/adgerdir-rikisstjornarinnar-til-ad-greida-fyrir-gerd-kjarasamninga-a-almennum-vinumarkadi#rad>

GUÐMUNDUR PÁLL JÓNSSON

veitir Fjöliðjunni, vernduðum vinnustað á Akranesi, forstöðu. Á þessu og síðasta ári hefur Fjöliðjan átt í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um námskeiðahald fyrir fólk sem þar starfar og/eða sækir þjónustu af ýmsum toga.

„Fjöliðjan er annars vegar með vinnustað þar sem fólk hefur með höndum ýmis störf – t.d. ýmis þökkunarverkefni – og hins vegar hæfingu þar sem fólk með mikla fötlun fær einstaklingsbundna endurhæfingu og þjónustu.

Síðasta vetur og í vetur höfum við í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands verið að þróa námskeið fyrir okkar fólk þar sem m.a. er lögð áhersla á tómstundanámskeið og hagnýt námskeið, eins og til dæmis matseld, sem nýtist fólki í daglegu



lífi. Við höfum fléttað námskeiðin inn í dagleg störf fólksins í Fjöliðjunni og þess vegna er boðið upp á þau á dagvinnutíma. Núna á vorönn höfum við einnig verið með í boði dansnámskeið, snyrtinámskeið, leiklist og námskeið sem við köllum „Kallaspjall“ fyrir karlana þar sem við leggjum áherslu á samveru og samræður um allt milli himins og jarðar.

Við viljum með þessum námskeiðum leitast við að auka tilbreytingu í daglegu lífi fólksins og um leið að auka lífsgæði þess. Það finnst mér

hafa tekist mjög vel og allt utanumhald af hálfu Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur mér fundist til fyrirmyndar. Við munum meta árangurinn af námskeiðunum í vor en ég vona svo sannarlega að þetta sé komið til að vera. Fólk í hér í Fjöliðjunni hefur af þessu mikla ánægju, námskeiðin brjóta upp daginn og auka á fjölbreytnina og til þess var leikurinn gerður.”

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar. Samningurinn við símenntunarmiðstöðvarnar rann út um áramótin 2015/2016 og er verið að vinna að nýjum þjónustusamningi sem byggir á nýjum skilmálum sem samþykktir eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Í ljósi þess að verið er að endurskoða framhaldsfræðslulögin hefur dregist að gera nýja þjónustusamninga.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2017 skiptist svona:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Vottaðar námsleiðir	24.500.000	24.500.000
Náms- og starfsráðgjöf	6.500.000	6.500.000
Raunfærnimat	7.407.000	7.375.125

Sótt var um viðbótarúthlutun í vottaðar námsleiðir í október 2017 til Fræðslusjóðs. Ástæða fyrir umsókn um viðbótarfjármagn var sú að strax í janúar var búið að ráðstafa öllu fjármagni í vottaðar námsleiðir vegna mikillar sóknar í grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk í sjómannaverkfallinu. Síðustu ár hefur Fræðslusjóður boðið upp á viðbótarúthlutun fjár.

Úthlutun Fræðslusjóðs í viðbótarúthlutun haustið 2017:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Vottaðar námsleiðir	4.200.000	4.200.000



Frá aðalfundi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands árið 2017.

Próunarsjóður framhaldsfræðslu

Hlutverk Próunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á ári hverju. Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári.

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2017:

Haustönn 2017							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Nám í stóriðju - grunnnám	17	150	2.550	6	11	40
Akranes	Nám í stóriðju - framhaldsnám	15	193	2.895	1	14	40
Samtals		32	343	5.445	7	25	40

Vorönn 2017							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. Kvenna	Fj. Karla	Meðalaldur
Akranes	Nám í stóriðju - grunnnám	17	150	2.550	6	11	40
Akranes	Nám í stóriðju - framhaldsnám	15	193	2.895	1	14	40
Akranes	Opin smiðja - kvikmyndasmiðja	11	120	1.320	7	4	38
Akranes	Skref til sjálfshjálpar	4	60	240	1	3	45
Akranes	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	11	72	792	7	4	29
Grundarfjörður	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	15	72	1080	6	9	38
Grundarfjörður	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	20	72	1440	17	3	39
Grundarfjörður	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	20	72	1440	13	7	39
Grundarfjörður	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	19	72	1368	10	9	35
Snæfellsbær	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	24	72	1728	16	8	46
Snæfellsbær	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	27	72	1944	14	13	40
Snæfellsbær	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	18	72	1296	7	11	42
Stykkishólmur	Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	18	72	1296	10	8	43
Dreifnám	Menntastoðir - staðlotur í Borgarnesi	6	330	1.980	4	2	28
Samtals		225	1.501	21.369	119	106	39

Það skiptir miklu máli að kerfi fullorðinsfræðslunnar sé sveigjanlegt og það sýndi sig og sannaði í sjómannaverkfallinu í byrjun árs 2017. Vottaða námsleiðin „Grunnnám fyrir fiskvinnslu“ er kjarasamningsbundin, en starfsfólk í fiskvinnslunni á Vesturlandi nýtti tímann vel og fræddist enn frekar um ýmsa þætti fiskvinnslunnar í sjómannaverkfallinu. Alls voru haldin níu námskeið á Vesturlandi og 172 tóku þátt. Hvert námskeið dreifðist á 6 heila vinnudaga. Símenntunarmiðstöðin fékk Fisktækniskóla Íslands í lið með sér og sá starfsfólk skólans um stærstan hluta kennslunnar.

Stóriðjuskóli Norðuráls

Gott dæmi um vel heppnaða símenntun á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er Stóriðjuskóli Norðuráls á Grundartanga sem hefur verið starfræktur frá árinu 2012. Skólinn hefur það að markmiði að auka þekkingu og færni starfsfólks og efla starfsánægju og sjálfstraust þess. Námið tekur mið af námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands heldur utan um námið í nánú samstarfi við Norðurál og með þeim hætti nýtist vel þekking starfsfólks Símenntunarmiðstöðvarinnar og fagþekking hjá Norðuráli.

Stóriðjuskólinn er annars vegar þriggja anna grunnnám og hins vegar tveggja anna framhaldsnám. Grunnnámið er ætlað ófaglærðu starfsfólki og má meta til allt að 34 eininga í framhaldsskóla. Þeir sem hafa lokið grunnnáminu geta haldið áfram og einnig stendur framhaldsnámið menntuðum iðnaðarmönnum í fyrirtækinu til boða. Reynslan er sú að þeir sem hafa lokið grunnnáminu sækjast eftir að komast í framhaldsnámið.

Pó svo að námið í Stóriðjuskóla Norðuráls taki mið af námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur það verið lagað að þörfum fyrirtækisins. Kennslan er í höndum fagaðila frá Norðuráli, starfsfólks Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og kennara frá Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi. Liður í náminu eru viðtöl náms- og starfsráðgjafa Símenntunarmiðstöðvarinnar við þátttakendur.

Námið er fjölbreytt og sem dæmi um námskeið í skólanum má nefna samskipti, stærðfræði, tölvunotkun, vélfræði, eðlisfræði, efnafræði, rafeindafræði, umhverfis- og öryggismál, eldföst efni og gæðastjórnun, stýritækni og vökvatækni. Námið fer að stærstum hluta fram hjá Norðuráli á Grundartanga en auk þess fara nemendur í fyrirtækjaheimsóknir, t.d. til birgja til að kynna sér vörur eða búnað sem Norðurál nýtir sér í starfsemi sinni.

Allir sem að Stóriðjuskóla Norðuráls koma eru sammála um að árangurinn sé ótvíræður. Frá árinu 2012, þegar skólinn var settur á stofn, hafa um 120 nemendur lokið námi. Um fjórðungur þessara nemenda hefur farið áfram í frekara nám, sem er í senn eftirtektarvert og ánægjulegt. Nemendur hafa t.d. farið á námsbrautina Menntastöðir, í framhaldsskóla (iðn- eða bóknám) eða á háskólabrú.



Útskrift úr Stóriðjuskólanum 2017.



Lokaverkefni nemenda í framhaldsnáminu 2017.

Stóriðjuskóli Norðurláls er gott dæmi um að markviss símenntun inni í fyrirtækjum skilar árangri. Sú staðreynd að svo margir af útskrifuðum nemendum hafa haldið áfram í námi staðfestir að Stóriðjuskólinn er ákveðinn stökkpallur til þess að taka frekari námsskref.

Vottuðum námleiðum fer fjölgandi og er verið að endurskoða margar þeirra út frá hæfnigreiningu starfa. Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

NÁMS OG STARFSRÁÐGGJÖF

Markmið náms- og starfsráðgjafa er að veita upplýsingar, ráðgjöf og fræðslu um nám og störf auk persónulegrar handleiðslu. Miðað er við að ráðþegar séu fullorðnir einstaklingar sem tilheyra markhópi skv. lagalegri skilgreiningu í framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010.

Náms- og starfsráðgjöf fer yfirleitt fram á starfsstöðvum Símenntunarmiðstöðvarinnar og reynt er að koma því við að ráðþegar fái þjónustu í sinni heimabyggð. Ráðgjöf fer einnig fram í fyrirtækjum og í tengslum við námskeið, en öllum nemendum á námskeiðum býðst viðtal við náms- og starfsráðgjafa. Þjónustan er kynnt með ýmsum leiðum og hefur með árunum aukist að fólk leiti eftir ráðgjöf af eigin frumkvæði. Rafræn ráðgjöf í gegnum síma eða tölvu hefur aukist sem og hvatningarviðtöl sem aðrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar veita. Raunfærnimat er jafnframt góð leið til þess að kynna ráðgjöfina og er hvatning til áframhaldandi náms.

Áhersla hefur verið lögð á að ná til innflytjenda og veita þeim ráðgjöf, sérstaklega þeim sem eru í atvinnuleit, því náms- og starfsráðgjöf getur reynst þeim afar gagnleg við upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. Þá er í viðtölum kortlögð menntun, reynsla og færni og metið hvort innflytjendur geti fengið starfsréttindi yfirfærð hingað frá sínu heimalandi. Þeir fá einnig aðstoð við gerð ferilskráa og að sækja um störf. Annars eru ráðþegar almennt ólíkir einstaklingar og leita gjarnan eftir ráðgjöf þegar þeir horfa til einhverra breytinga á lífi sínu. Slíkar breytingar þurfa ekki að vera stórar en nýtast oftast á jákvæðan hátt. Fjölmörg dæmi eru um að viðtal leiði af sér raunfærnimat, nýtt upphaf skólagöngu, breytingar í atvinnumálum o.fl.

Samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöðvarinnar í náms- og starfsráðgjöf eru m.a. Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Virk, Starfsendurhæfing, stéttarfélögin, framhaldsskólarnir og Rauða kross deildirnar.

Hægt er að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum netið eða senda fyrirspurn. Boðið er upp á áhugasviðsgreiningar, raunfærnimat, lesblindugreiningar o.fl.

TÖLFRÆÐI – NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJÖF

KYN	
Karl	222
Kona	299
Heildarfjöldi	521


ALDURSBIL	
0-25 ára	55
26-40 ára	262
41-55 ára	161
56 og eldri	43
Heildarfjöldi	521

STAÐA Á VINNUMARKAÐI	
Annað	17
Hlutastarf og hlutabætur	5
Í námi	6
Öryrki	8
Starfsendurhæfing	16
Atvinnuleitandi	125
Í starfi	344
Heildarfjöldi	521


SKÓLASTIG	
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	339
Grunnskóli	109
Háskólapróf	5
Iðnmenntun	8
Starfsmenntun - minna en tvö ár	29
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	13
Stúdentspróf	18
Heildarfjöldi	521

ÞJÓÐERNI	
Bahamas (BS)	1
Colombia (CO)	1
Tékkland (CZ)	7
Þýskaland (DE)	4
Danmörk (DK)	4
Eistland (EE)	3
Finnland (FI)	2
Frakkland (FR)	2
Gambia (GM)	3
Króatía (HR)	1
Ungverjaland (HU)	4
Írak (IQ)	2
Ísland (IS)	321
Litháen (LT)	17
Lettland (LV)	8
Mongolía (MN)	3
Holland (NL)	4
Filippseyjar (PH)	8
Pólland (PL)	97
Rúmenía (RO)	4
Rússland (RU)	5
Svíþjóð (SE)	1
Slóvakía (SK)	2
El Salvador (SV)	7
Úkraína (UA)	4
Bandaríkin (US)	6
Heildarfjöldi	521


Skipting viðtala eftir kyni



Aldursskipting ráðþega



Þjóðerni



INGA JÓHANNA KRISTINSDÓTTIR

er forstöðumaður Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars í Ólafsvík. Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur unnið með Jaðri, m.a. að gerð fræðsluáætlunar til tveggja ára fyrir starfsfólk heimilisins.

„Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar gegnir mikilvægu hlutverki sem þjónustustofnun við aldraða íbúa Snæfellsbæjar þar sem veitt er fagleg og ábyrg umönnun og hjúkrun íbúa ásamt annarri margvíslegri þjónustu. Meginmarkmið starfseminnar er að stuðla að öryggi og andlegri sem líkamlegri vellíðan íbúanna. Í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands var sett upp

fræðsluáætlun eða “fræðslustjóri að láni” fyrir Jaðar og gekk þessi vinna að mínu mati mjög vel og var almenn ánægja meðal starfsmanna hér á Jaðri með hana.


Helstu kostir slíkrar fræðsluáætlunar eru framsetning og eftirfylgni. Árangurinn birtist í vel heppnuðum námskeiðum þar sem allt starfsfólk tók þátt í að velja efni sem nýttist okkur mjög vel til starfsefningar.




Ég tel að sú aðferðafræði sem fræðsluáætlunin byggir á henti afar vel, sérstaklega til þess að virkja starfsfólkið strax í upphafi, s.s. með nafnlausum könnunum meðal starfsmanna. Þessi aðferð tryggir trúverðugleika framkvæmdarinnar og skilvirkni.

Ég mæli hiklaust með þessari tilhögun. Fyrir mig sem yfirmann öðlaðist ég skýrari sýn á þætti sem skipta mestu máli í vinnuumhverfi okkar allra sem störfum hér á Jaðri.”

Staða ráðþega á vinnumarkaði



Menntunarstaða ráðþega



RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir einstaklingum úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast í starfi metið til eininga. Það getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að námi loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og 3 ára starfsaldri.

Á árinu 2017 var boðið upp á raunfærnimat í fisktækni, leikskólaliðabraut, félagsliðabraut og stuðningsfulltrúabraut, auk þess sem Símenntunarmiðstöðin var í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur vegna raunfærnimats í löggiltum iðngreinum, en einn einstaklingur lauk raunfærnimati í vélvirkjun og annar í pípulögnum.

Símenntunarmiðstöðin er enn fremur í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar um raunfærnimat, allt eftir því hvað er í boði hverju sinni. Sem dæmi fóru 3 einstaklingar á Vesturlandi í raunfærnimat í skipstjórn, en Viska í Vestmannaeyjum hefur sérhæft sig í því raunfærnimati.

Raunfærnimat í fisktækni: Raunfærnimat í fisktækni var haldið í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands. Tilgangurinn er að m.a. að fólk geti sýnt fram á reynslu og færni sína í starfi, lagt er mat á hvernig einstaklingurinn getur styrkt sig í námi og starfi og m.a. stytt sér nám í framhaldinu. Þess eru mörg dæmi að einstaklingar sem hafa farið í raunfærnimat í fisktækni hafa haldið áfram námi í Fisktækniskóla Íslands, m.a. í fisktækni, gæðastjórnun og Marel vinnslutækni.

Alls luku sjö einstaklingar raunfærnimati í fisktækni á árinu 2017, sex konur og einn karl og komu allir frá fiskvinnslum á Snæfellsnesi. Meðalaldur þeirra var 39 ár. Alls var 21 áfangi til mats, mest fékk einstaklingur 80 f-einingar metnar og minnst 70. Meðaltalsfjöldi f-eininga á einstakling var 78.

Matsaðilar voru Ásdís Pálsdóttir, Klemenzen Sæmundsson og Gunnlaugur Dan Ólafsson.


Raunfærnimat í þjónustugreinum: Á árinu 2017 var framkvæmt raunfærnimat í svokölluðum þjónustugreinum, þ.e. félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa.

Alls luku 18 einstaklingar raunfærnimati í þjónustugreinum, 17 konur og 1 karl. Meðalaldurinn var 40 ár.

Alls voru 14 áfangar til mats og fengu þátttakendur samtals 516 einingar metnar eða 860 f-einingar.

Matsaðilar voru: Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Bryndís Arnardóttir, Herdís Margrét Ívarsdóttir, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Marína Sigurgeirsdóttir, Svanfríður Inga Jónasdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum.



FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun 20 ára og eldra. Í samningnum er tekið fram að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Á haustönn 2017 hittust aðilar sem koma að málaflokknum á Akranesi. Markmiðið var að finna leiðir til að auka fjölda þeirra einstaklinga sem nýttu sér námskeiðstilboð Símenntunar en skráningar höfðu verið mjög fáar undanfarnar annir. Það voru allir sammála um að námskeiðin myndu auðga líf einstaklinganna. Niðurstaðan af þessu samstarfi var að Símenntunarmiðstöðin setti upp námskeiðstilboð á dagvinnutíma og í góðri samvinnu við Fjöliðjuna. Námskeiðin voru haldin víðs vegar um bæinn en líka og það skipti miklu máli inni á vinnustaðnum þ.e. Fjöliðjunni. Það sem skipti miklu máli var að Fjöliðjan aðstoðaði við að halda utan um mætingar og fylgja nemendum á námskeiðin sem voru utan vinnustaðarins.

Við þetta fyrirkomulag fjölgaði skráningum umtalsvert og er samstarfið enn í þróun og vonir standa til að á Akranesi verði þetta fyrirkomulag fast í sessi. Ekki eru allir einstaklingar með fötlun sem vinna í Fjöliðjunni og það má ekki gleyma þeim. Huga þarf að skipulögðu námskeiðsframboði fyrir þann hóp fyrir utan dagvinnutímann.

Í Stykkishólmi eru einstaklingarnir mjög áhugasamir og fjölmenna á þau námskeið sem í boði eru, en það er þegar dagvinnu lýkur. Þar er líka gott utanumhald varðandi mætingar á námskeiðin og þátttakendur fá fylgd eftir þörfum. Mikilvægt er að umræður eigi sér stað um hvaða fyrirkomulag eigi að vera á námskeiðstilboðum fyrir fullorðna með fötlun í hverju sveitafélagi fyrir sig.

Á árinu 2017 voru haldin 23 námskeið á Vesturlandi fyrir fólk með fötlun og voru þátttakendur alls 142. Kennslustundirnar voru 276,5 og nemendastundir voru 1753. Ívið fleiri karlar en konur sóttu námskeiðin árið 2017 en þeir voru 57,3% þátttakenda. Meðalaldur einstaklinganna í heildina eru 36 ár.

F j ö l d i							
STAÐUR	NÁMSKEIÐ	páttak- endur	kennslu- stundir	Nemenda- stundir	Konur	Karlar	Meðal- aldur
Akranes	Hagnýtt heimilishald	1	9	9	0	1	34
Akranes	Leiklist I	8	14	112	4	4	38
Akranes	Eldum og bókum	8	15	120	3	5	22
Akranes	Jóla smákökur	21	6	126	12	9	35
Akranes	Jólasöngvar	11	3	33	6	5	31
Akranes	Kallaspjall	5	15	75	0	5	42
Akranes	Snyrting kvenna	5	10,5	52,5	5	0	36
Akranes	Tónlist og sköpun	6	12	72	3	3	28
Borgarnes	Jóga	4	18	72	1	3	45
Borgarnes	Spjaldtölvar – upplifun og virkni	2	7,5	15	0	2	51
Borgarnes	Jóga	4	13,5	54	2	2	36
Borgarnes	Jóla smákökur	4	6	24	1	3	44
Borgarnes	Jólasöngvar	2	5	10	0	2	48
Borgarnes	<i>Snyrting kvenna</i>	2	9	18	2	0	41
Stykkishólmur	Framkoma og ræðumennska	4	6	24	2	2	34
Stykkishólmur	Hagnýtt heimilishald II	3	6	18	0	3	27
Stykkishólmur	Leiklist I	8	34	272	3	5	28
Stykkishólmur	Eldum heima	4	6	24	1	3	25
Stykkishólmur	Gömur fót fá nýtt líf	6	11,5	69	3	3	35
Stykkishólmur	Jóla smákökur	8	6	48	4	4	30
Stykkishólmur	Leiklist II	7	37,5	262	4	3	30
Fellsendi	Tónlist og spjall	10	12,5	125	3	7	64
Akranes, Borgarnes og Stykkishólmur	Samvera í sköpun og gleði	9	13,5	121,5	3	6	34
Samtals		142	276,5	1.759	62	80	36

RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR

er framleiðslustjóri
sjávarútvegsfyrirtækisins
Guðmundar Runólfssonar hf. í
Grundarfirði. Fyrirtækið hefur
átt í góðu og farsælu samstarfi
við Símenntunarmiðstöð
Vesturlands, m.a. voru í
sjómannaverkfallinu í ársbyrjun
2017 sett upp námskeið fyrir
landverkafólk Guðmundar
Runólfssonar hf.



„Þegar sjómannaverkfallið skall á fyrir jólin 2016 veltum við vöngum yfir því hvort við gætum mögulega boðið upp á nám fyrir landverkafólkið okkar og slegið þannig tvær flugur í einu höggi; að fólkið hefði eitthvað ákveðið fyrir stafni og það fengi kennslu í ýmsu sem kæmi því að gagni, sem það hefði ekki möguleika á að fá á meðan á fullri vinnslu stæði. Við ákváðum að hella okkur í verkefnið og á undra skömmum tíma milli jóla og nýárs skipulögðum við sérhæfð fiskvinnslunámskeið í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Fisktækniskóla Íslands í Grindavík með það að markmiði að hefja þau í byrjun janúar 2017. Þetta gekk eftir. Við byrjuðum með námskeiðin strax eftir áramótin og „keyrðum“ þau eins og um væri að ræða fullan vinnudag. Samtals voru námskeiðin í sjö virka daga.

Á fimmta tug starfsmanna sátu námskeiðin. Sumum fannst þetta svolítið skrítið í byrjun en við litum á námskeiðin sem vinnu sem kæmi í stað daglegrar vinnslu og því var mætingaskylda á þau. Hjá okkur starfar fólk af ýmsum þjóðernum en það kom þó ekki í veg fyrir að allir gætu fengið í æð þann fróðleik

sem boðið var upp á, því við vorum með túlka fyrir þrjú tungumál; ensku, pólsku og ítölsku.

Námskeiðin gengu að mínu mati afar vel og fólk var ánægt með framtakið. Við lögðum áherslu á að hafa námskeiðin með breiða skírskotun sem gagnaðist fólki vel í sínum daglegu störfum, bæði í vinnu og utan vinnu. Við fórum til dæmis í réttindi og skyldur gagnvart aðild að stéttarfélagi, skyndihjálp, hreinlætismál, ýmislegt varðandi hráefni í fiskvinnslunni, mikilvægi

réttrar meðhöndlunar á hráefninu o.s.frv. Þetta voru hlutir sem er bráðnauðsynlegt að fara reglulega í gegnum og nýtist fólki alltaf jafn vel. Starfsfólkið fékk síðan námskeiðin metin til hækkunar á sínum launatöxtum, eins og kjarasamningar kveða á um.

Frá mínum bæjardyrum séð er afar gott og í raun nauðsynlegt að starfsfólk sæki sér slíka þekkingu reglulega. Það getur hins vegar verið snúið að koma námskeiðum heim og saman við daglega vinnu. Þess vegna var alveg kjörið að nýta þennan dauða tíma landverkafólksins í sjómannaverkfallinu á síðasta ári. Við stjórnendur hér höfum rætt möguleikann á því að setja aftur upp námskeið fyrir starfsfólk okkar undir lok þessa árs þegar við munum loka núverandi vinnsluhúsi á meðan það verður endurnýjað. Við stefnum að því að opna nýja fiskvinnslu, viðbyggingu við núverandi hús, í janúar 2019 og jafnframt verður núverandi vinnsla endurnýjuð. Í tengslum við þessar breytingar væri áhugavert að setja upp námskeið fyrir starfsfólkið sem myndu m.a. nýtast því vel fyrir þá nýju tækni sem við komum til með að innleiða í nýju fiskvinnsluhúsi.”



Ítölsk matargerð.



Vefprjónn.

SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innland verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun allt frá efnahagshruni. Námskeiðum hefur fækkað síðustu ár sem helst í hendur við minna atvinnuleysi. Það er einkum íslenska fyrir útlendinga sem hefur verið kennd en einnig námskeið í gerð ferilskráa og færnimappa. Námskeið hafa líka verið haldin sameiginlega fyrir atvinnuleitendur og skjólstæðinga VIRK, Endurhæfingarhússins Hvers og Starfsendurhæfingar Vesturlands.

Á árinu 2017 voru haldin 12 námskeið, alls 88 þátttakendur, þ.e. 46 konur og 42 karlar. Meðalaldurinn var 39 ár.

Vinnumálastofnun fer með atvinnumál fatlaðra og er lögð áhersla á að litið sé á atvinnu- og hæfingartengda þjónustuþætti sem eina heild og að framkvæmd þeirra verði skilgreind sem vinnumarkaðsúrræði, líkt og segir á vef Vinnumálastofnunar.²

Fulltrúar Vinnumálastofnunar á Vesturlandi og Símenntunarmiðstöðvarinnar eiga einnig í góðu samstarfi er varðar atvinnumál fatlaðra og fræðslu fyrir þá til að efla einstaklingana á vinnumarkaði.

Ýmsan fróðleik og tölfræði má finna á vef Vinnumálastofnunar
www.vinnumalastofnun.is

Sóknaráætlun Vesturlands

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa samkvæmt lögum umsjón með Sóknaráætlun Vesturlands og framkvæmd hennar. Á árinu 2015 var undirritaður samningur milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og SSV hins vegar um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Í samningnum kemur fram að verkefni SSV eru þrjú:

- Í fyrsta lagi að vinna framtíðarsýn og marka stefnu fyrir Vesturland á samningstímanum þar sem fram koma skýr markmið og tillaga að aðgerðum
- Í öðru lagi að skilgreina og vinna að sérstökum áhersluverkefnum fyrir Vesturland sem hafa skírskotun til stefnu sóknaráætlunar og eiga að efla byggð í landshlutanum
- Í þriðja lagi að stofna Uppbyggingarsjóð fyrir Vesturland sem veitir styrki til menningar- og nýsköpunarverkefna.

2 <https://vinnumalastofnun.is/um-okkur/frettir/2015/10/viljayfirlysing-um-framtidskipan-atvinnumala-fatlads-folks>



Úr starfi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

Vinnu við stefnu og framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands lauk á haustdögum 2015 og komu á annað hundrað Vestlendingar að mótun hennar. Þá voru skilgreind áhersluverkefni fyrir árin 2015 og 2016 sem unnið var að árið 2016. Síðla árs 2016 hófst vinna við að skilgreina verkefni fyrir árið 2017. Áhersluverkefni geta staðið yfir í eitt eða fleiri ár, en ekki lengur en til loka samningstímans. Uppbyggingarsjóður Vesturlands hóf starfsemi sína vorið 2015. Sérstök stjórn stýrir sjóðnum. Sjóðurinn hefur hingað til úthlutað styrkjum tvisvar sinnum á ári og á árunum 2015 og 2016 úthlutaði hann ríflega hundrað milljónum til nýsköpunar- og menningarverkefna.³

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í tveimur áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands á árinu 2017.

Ferðamannastaðir og gestamóttaka - upplifun gesta og samfélags

Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Markaðsstofu Vesturlands, Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Háskólann á Hólum, bauð upp á námskeið með það að markmiði að auka þekkingu þátttakenda á mótun og uppbyggingu ferðamannastaða, s.s. upplýsingagjöf til gesta, hvort sem það var gestastofa, gestamóttaka, veitingastaður, áningarstaður í náttúrunni, safn, sundlaug, tjaldstæði o.s.frv.

Þátttakendur unnu eitt hagnýtt verkefni meðan á námskeiðinu stóð og kynntu það í vinnusmiðju í lok námskeiðs. Verkefnið fólst í hugmyndavinnu og að setja fram hugmynd að „áningarstað“ þar sem tekið var tillit til aðkomu, upplýsingagjafar og upplifunar þeirra gesta sem kæmu á staðinn.

Þátttakendur voru 18 talsins, en námskeiðið stóð í þrjár vikur. Námskeiðið var kennt að hluta í fjarnámi, en tveir vinnufundir voru haldnir, annar í upphafi og sá seinni í lok námskeiðs ásamt tveimur netfundum þar á milli.

3 <http://ssv.is/soknaraetlun-vesturlands/um-soknaraetlun/>



Efling nýsköpunar og frumkvöðlamenntar á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðin, í samstarfi við fyrirtækin Creatrix og INNOENT á Íslandi, vann að verkefni sem fólst í að örva nýsköpun og sköpunargáfu hjá ungu fólki á grunn- og framhaldsskólaaldri.

Markmið verkefnisins voru einkum tvö, annars vegar að leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum væru þjálfaðir í að skipuleggja nýsköpunar- og frumkvöðlasmiðjur. Tilgangur smiðjanna var að örva ungt fólk til frumkvöðlahugsunar. Hitt markmiðið var að nýsköpunar- og frumkvöðlamennt yrði valfag í grunn- og framhaldsskólum á Vesturlandi. Verkefnið hófst á haustdögum 2016 og lauk á vordögum 2017. Alls voru haldnar fjórar vinnusmiðjur um allt Vesturland, en í heildina tóku 22 kennarar þátt sem komu frá átta grunnskólum og þremur framhaldsskólum.

Í kjölfar þessa verkefnis hafa tveir skólar nú þegar ákveðið að innleiða nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í skólastarfið með einhverjum hætti.

Einnig er unnið að því að halda smiðu í FABLab fyrir kennara í menntastofnunum á Vesturlandi.

Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í þremur erlendum verkefnum, Erasmus+ verkefninu **Advancing Migrant Women** (AMW), og Nordplus verkefninum **Överbrygga språkbarrier** og **Active citizenship**. Öll eiga þessi verkefni sameiginlegt að tengjast málefnum innflytjenda.



Glaðbeittir íslenskunemar við útskrift.

Advancing Migrant Women (AMW) verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólann á Bifröst og fræðsluaðila í Englandi, Grikklandi og á Ítalíu. Verkefnið, sem er til þriggja ára, hófst í september á síðasta ári og lýkur í febrúar 2020. Markmiðið er að þróa hágæða efni til að þjálfar og styðja við konur af erlendum uppruna til þess að þær valdeflist, styrki starfsgetu sína og frumkvöðlahæfni með heildstæðri áætlun sem byggir á þjálfun og kennslu sem eykur sjálfstraust og getu. Í lokin á að vera til afurð sem eflir konur af erlendum uppruna til þess að geta fullkomlega nýtt hæfileika sína og styrkleika.

Överbrygga språkbarrier er eins árs verkefni sem hófst haustið 2017. Samstarfsaðilar eru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Álandseyjum. Markmiðið er að finna aðferðir og leiðir til þess að auðvelda nemendum af erlendum uppruna að læra á nýju tungumáli. Unnið er með stafræn verkfæri í námi og kennslu og hafa þátttakendur aðgang að sameiginlegri vefsíðu þar sem hvert land hefur gagnvirkt svæði fyrir æfingar og verkefni.

Active citizenship er tveggja ára verkefni og hófst undirbúningur í lok árs 2017. Samstarfsaðilar eru frá Finnlandi, Noregi og Litháen. Í verkefninu er leitast við að finna og þróa nýjar aðferðir við kennslu í virkri borgaravítund, auk þess að bæta við námsefni sem nú þegar er til. Sett verður upp vefsíða þar sem afurðir verkefnisins verða aðgengilegar. Hjá Símenntunarmiðstöðinni verður áhersla lögð á innflytjendur í þessu verkefni.


YFIRLIT YFIR FJARPRÓF


Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er þessi þjónusta veitt í tengslum við þennan samning.

Nemendur sem nýta sér þjónustuna koma einkum frá háskólunum á Íslandi, en einnig eru nemendur frá Keili, endurmenntunardeildum háskólanna og einstaka framhaldsskóla. Nemendur taka próf í húsnaði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Áttahagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskóla Stykkishólms og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Alls voru próffyrirlagnir 849 á árinu 2017 og eykst um 11% frá því árinu áður. Stærsti hluti prófanna er frá Háskólanum á Akureyri eða 77%. Næstur kemur Háskóli Íslands með 12%, Háskólinn á Bifröst með 9% og aðrir skólar með 2%. Þess má geta að nemendur í Háskóla Íslands, sem búsettir eru á Akranesi eða nærsveitum, taka ekki próf á Akranesi heldur taka próf í húsakynnum HÍ og er það samkvæmt reglum Háskóla Íslands.







Sjúkraliðar.



Söltun og reyking matvæla.

HÉÐAN OG ÞAÐAN

Leikn

Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi tók við formennsku á síðasta ári í Leikn – samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Fyrir hönd Leiknar hefur hún setið í samráðshópum vegna tveggja Evrópuverkefna, **GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners)** <https://adultguidance.eu/> og **VISKA (Visible Skills of Adults)** <http://viskaproject.eu/> auk þess að taka þátt í samnorrænu verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina og afla upplýsinga um góð dæmi í námi flóttafólks á Íslandi.

GOAL er þróunar- og stefnumótunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir og MSS tóku þátt í en auk Íslands voru þátttakendur frá Hollandi, Tékklandi, Slóveníu, Litháen, Tyrklandi og Belgíu sem jafnframt var í forystu. Áherslan var á að finna og þróa aðferðir sem nýtast til þess að ná til þeirra sem síst leita eftir ráðgjöf og hvernig best sé að sinna þeim. Meðfram verkefninu var rannsakað hvernig til tækist og sá Menntavísindastofnun HÍ um rannsóknina hér á landi. GOAL verkefninu er formlega lokið en í stuttu máli má segja að það hafi haft eflandi áhrif á samstarf á öllum þrepum varðandi námsráðgjöf fyrir hópa sem standa fjær námi og dregið fram mikilvæga þætti í því samstarfi eins og tilvísanaferli, innihald ráðgjafar, færni ráðgjafa og tæki. Rannsóknarniðurstöður sýna að sú ráðgjöf sem prófuð var hafði hvetjandi áhrif á markhópinn.

VISKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatriði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur í byrjun árs 2020. Niðurstöður koma til með að veita upplýsingar fyrir stefnumótun landanna í málaflokkunum.

Norræna verkefnið hófst árið 2016 með því að leitað var að „góðum dæmum“ til eftirbreytni varðandi menntunarmöguleika hælisleitenda eða flóttafólks innan almennar fullorðinsfræðslu til aðlögunar. Skemmst er frá því að segja að engin dæmi fundust á Íslandi sem rímuðu alveg við verkefnið, en tvö voru valin sem komust næst því að uppfylla viðmiðin. Greining og samantekt á völdum dæmum (sem voru alls 22 frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi) leiddi í ljós að það er tilhneiging meðal fræðsluaðila á Norðurlöndunum að flokka nemendur í tvo flokka; þá sem hafa einhvers konar menntun fyrir og er þá áhersla lögð á að hraða aðlögunarferli í nýjum aðstæðum og hina sem hafa litla menntun og starfsreynslu, en þá er áherslan á að finna hæfni einstaklinganna sem getur nýst þeim í nýjum aðstæðum. Oftast er mikil áhersla lögð á að einstaklingar komist eins fljótt og hægt er á vinnumarkaðinn. Sameiginleg niðurstaða allra er að tungumálið sé lykillinn að samfélaginu og tungumálakennsla er fléttuð inn í nánast alla þjálfun. Niðurstöðurnar sem kynntar voru á ráðstefnu í Jönköping í Svíþjóð í maí 2017 benda þó fyrst og fremst til þess að framkvæma þurfi fleiri og ítarlegri rannsóknir á því hvað henti best í almennri fullorðinsfræðslu fyrir flóttafólk.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu. Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn. Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haustin og á vorin, auk félagsfunda eftir þörfum.

Stjórn Kvasis skipa eftirfarandi 2016 - 2017:

Guðjónína Sæmundsdóttir formaður, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Guðrún Jónsdóttir, Austurbrú

Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mímir - símenntun

Nánari upplýsingar um starfsemi Kvasis: www.fraedslumidstodvar.is



Útskrift íslenskunema.



Héðan og þaðan..

Að meta hæfni

Svokölluð hæfnigreining starfa á vinnumarkaði er ein af þeim nýjungum sem hafa verið að ryðja sér til rúms í starfi símenntunarmiðstöðva. Í stuttu máli felst hæfnigreining í því að kortleggja og skilgreina þá hæfni sem er mikilvægt að starfsmaður búi yfir til að árangur náist í starfi. Hæfni felur í sér þekkingu, færni, viðhorf og persónulega eiginleika sem hver starfsmaður býr yfir.

Hæfnigreiningar starfa byggja á aðferð sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað í nánú samstarfi við atvinnulífið og er ætlunin að smám saman verði til gagnabanki um störf á vinnumarkaði, í hverju þau felast og þá hæfni sem starfsmenn þurfa að búa yfir. Símenntunarmiðstöðvarnar eru vel í stakk búnar til þess að takast á við þetta verkefni því þær hafa langa reynslu af því að þarfagreina vinnustaði og setja upp fræðsluáætlanir í samstarfi fyrir þá.

Umfangsmikill gagnabanki sem byggir á hæfnigreiningum starfa á vinnumarkaði nýtist meðal annars við starfsmannaráðningar, gerð starfslýsinga, í starfsmannaviðtölum, við skipulag og gerð fræðsluáætlana og mótun starfsþróunarstefnu fyrir viðkomandi vinnustað. Niðurstöður hæfnigreininga kallast “starfaprófilar” sem fela í sér skilgreiningu á starfinu og hæfnikröfur sem koma að notum sem viðmið í námskrám og raunfærnimati. Við það er miðað að sá gagnabanki sem kemur út úr hæfnigreiningum í ólíkum geirum atvinnulífsins verði öllum aðgengilegur á vefnum eftir að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur staðfest greiningarnar.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Þessu tengt er “Hæfnisetur ferðapjónustunnar” sem var sett á stofn í ársbyrjun 2017. Setrið er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hefur það beinlínis að markmiði að auka hæfni starfsfólks í þeirri vaxandi atvinnugrein sem ferðapjónustan er. Hæfnisetrinu er ætlað að greina þörfina fyrir fræðslu starfsfólks í ferðapjónustu í samvinnu við viðkomandi ferðapjónustufyrirtæki og í kjölfarið eru settar upp fræðsluáætlanir fyrir þau.

Nú þegar er hafið tilraunaverkefni fjögurra símenntunarmiðstöðva sem hefur það að markmiði að fræða starfsfólk í ferðapjónustu á starfssvæðum miðstöðvanna og auka hæfni þess. Í því felst að ná til ferðapjónustufyrirtækja með fræðslu og þjálfun af ýmsu tagi, samhæfa verkferla, veita ráðgjöf og annað sem að gagni kemur til þess að auka hæfni starfsfólks í ferðapjónustu.

Þessi tilraunaverkefni hafa farið ágætlega af stað og er þess að vænta að fljótlega verði unnt að hefja samstarf Hæfniseturs ferðapjónustunnar og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Ferðapjónustan hefur vaxið mjög að umfangi á Vesturlandi á undanförunum árum og því er mikil þörf fyrir slíka vinnu á þessu svæði.

Nánari upplýsingar um Hæfnisetrið má nálgast á www.haefni.is

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sem er sérhæfður í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun.

Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins.

Verkefnið byggist m.a. á því að kerfisbundið er unnið að að starfsmannapróun í fyrirtækjum og stofnunum og tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna.

Starfsmannapróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki. Til að mögulegt sé að mæta þörfum starfsmanna er nauðsynlegt að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er megin áhersla lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun í fyrirtækinu.

Með þessum hætti fæst yfirlit yfir mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur notað krafta sína í önnur verkefni.

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands er sjálfseignarstofnun sem var sett á stofn í lok árs 2014. Það hefur sýnt sig að þörf er fyrir slíka stofnun á Vesturlandi því starfsemi hennar hefur vaxið jafnt og þétt.

Hlutverkt StarfVest er að veita þeim einstaklingum starfsendurhæfingu sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurfa stuðning við endurkomu út á vinnumarkaðinn.

Fjármögnun StarfVest byggist á samstarfssamningi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir er forstöðumaður Starfsendurhæfingar Vesturlands.

Stjórn StarfVest var þannig skipuð 2016-2017:

Inga Dóra Halldórsdóttir, fulltrúi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, formaður
 Hafdís Bjarnadóttir, fulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, varaformaður
 Guðrún Gísladóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar á Vesturlandi
 Sigríður Kr. Gísladóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands
 Svala Hreinsdóttir, fulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
 Þorkell Cýrusson, fulltrúi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands
 má nálgast á www.starfvest.is

AÐ LOKUM

Símenntunarmiðstöðvarnar hafa ríköm skyldum að gegna við fólkið í landinu. Starf þeirra byggir á samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framhaldsfræðslu og símenntun, á grunni laga um framhaldsfræðslu frá 2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þetta felur í sér þá skyldu okkar sem störfum að framhaldsfræðslu og símenntun að þjónusta þann hóp fólks sem hefur ekki lokið formlegri framhaldsskólamenntun með fjölbreyttum námskeiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Verkefnin eru fjölbreytt og geta verið ólík eftir landshlutum, allt eftir því umhverfi sem símenntunarmiðstöðvarnar starfa í.



Á Vesturlandi eru verkefnin fjölbreytt enda litróf atvinnulífs svæðisins margbreytilegt. Öflugur landbúnaður, verslun og þjónusta, sjávarútvegurinn er grunnurinn í mörgum byggðarlögum, stór og öflug iðnfyrirtæki og skólarnir standa styrkum fótum – grunnskólar í dreif- og þéttbýli, þrír framhaldsskólar og tveir háskólar. Símenntun er í góðu samstarfi við framhalds- og háskóla á svæðinu og starfsemin tekur mið af hjartslætti mannlífsins og atvinnulífsins. Námsframboð okkar og þjónusta þarf að vera í takti við þörfina á hverjum tíma.

Eins og fyrri ár hafa verkefnin verið af ýmsum toga. Við höfum boðið upp á fjölda einstaklingsnámskeiða og átt farsælt samstarf við fjölda fyrirtækja um símenntun starfsfólks. Við leitumst við að vera fljót að bregðast við þörfum um fræðslu sem upp koma með skömmum fyrirvara. Gott dæmi um þetta eru námskeið sem haldin voru fyrir fiskvinnslufólk í sjómannaverkfallinu í ársbyrjun 2017. Menntun er fyrir alla, jafnt ófatlaða sem fatlaða, Íslendinga sem fólk af erlendu bergi brotið. Þetta höfum við að leiðarljósi í okkar starfi.

Eitt af þeim verkefnum sem við höfum komið að í nokkur ár er Stóriðjuskóli Norðuráls. Hann er að mínu mati gott dæmi um afar árangursríka símenntun. Það segir sína sögu að um fjórðungur þeirra starfsmanna Norðuráls sem hafa lokið Stóriðjuskólanum fara í framhaldinu í nám samhliða starfi í fyrirtækinu.

Styrkur okkar er án nokkurs vafa nálægðin við fólkið. Ekkert kemur í stað persónulegrar þjónustu og gildir þá einu hvort við erum að tala um hinar fámennari byggðir eða stærri byggðarkjarna. En eðli málsins samkvæmt útheimtir góð þjónusta við alla á víðfeðmu svæði eins og Vesturlandi, líka við fólkið í fámennum byggðarlögum, fleiri krónur. Á því hefur ekki alltaf verið skilningur hjá þeim sem fara með fjárveitingavaldið. En hvernig sem við lítum á málin er það skylda okkar að veita öllum jafn góða og persónulega þjónustu. Við hjá Símenntun bjóðum upp á náms- og starfsráðgjöf og reynslan er sú að æ fleiri nýta sér hana til þess að fá leiðsögn um námsval eða störf á vinnumarkaði. Ég hef trú á því að þessi þáttur í starfsemi okkar muni halda áfram að vaxa hjá símenntunarmiðstöðvunum.

Samfélagið breytist hratt og sérhæfingin eykst í atvinnulífinu. Til þess að vera undir þessar hröðu breytingar búið þarf starfsfólk að afla sér nýrrar þekkingar á degi hverjum. Það er eitt af okkar hlutverkum hjá Símenntun að gefa fólki færi á að sækja sér nýja þekkingu og þá er dýrmætt að geta nýtt sér þá tæknibyltingu sem hefur orðið í fjarnámi. En það er jafnframt afar brýnt að fjarnemar hafi möguleika á að taka próf í sínu námi í heimabyggð. Þetta er hluti af byggðastefnu í reynd. Tæknibyltingin teygir anga sína um allt samfélagið. Fyrir nokkrum árum hefði það ekki hvarflað að nokkrum manni að í einu litlu símtæki myndi rúmast öflugur hugbúnaður sem gerir jafn mikið og risastór tölva gerði fyrir nokkrum árum. En þetta er staðreyndin og fyrir vikið hafa ýmsir veggir og landamæri þurrkast út. Við þurfum að geta fylgt tækniþróuninni og nýtt okkur hana út í ystu æsar í símenntun og fullorðinsfræðslu. Ekki síst opnar hún á ýmis tækifæri í menntun í hinum dreifðu byggðum landsins.

Öllum þeim sem Símenntunarmiðstöðin hefur verið í samskiptum við á árinu eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir til starfsfólks og stjórnar fyrir gott og gjöfult samstarf.

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2017

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
mars 2018

www.simenntun.is